Umhverfissvið

# Endurgerð leikskólalóða 2017 - 2022

# Staða og endurmat



**16.1. 2023, garðyrkjustjóri**



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

# Inngangur

Vorið 2017 kom út greinargerð starfshóps um "Skemmtilegar leikskólalóðir í Kópavogi", sem finna má á heimasíðu Kópavogsbæjar, sjá hér. Þar voru, auk ítarlegrar umfjöllunar og greiningar á lóðunum, settar fram tillögur um endurgerð leikskólalóðanna. Síðan þá hafa leikskólanefnd og bæjarráð samþykkt tillögur um framkvæmdir hvers árs á grundvelli skýrslunnar. Unnið hefur verið stöðugt að þessu verkefni undanfarin ár og hafa orðið miklar breytingar til batnaðar á þeim lóðum sem unnið hefur verið í.

Starfshópurinn taldi á sínum tíma mikilvægt að mat á lóðunum væri sett fram á mælanlegan hátt, þ.e. að eftir nokkurn tíma væri hægt að nota sömu aðferðir og mæla breytingar sem orðið hafa. Þegar unnið hafði verið með þessu vinnulagi í fjögur á var tekin saman skýrsla um það helsta sem hafði verið endurbætt á leikskólalóðum bæjarins 2017-2020 sem lögð var fyrir leikskólanefnd 21.1. 2021. Samantektin byggði fyrst og fremst á því að bera saman mælikvarðana þrettán sem notaðir voru við mat á lóðunum ásamt útskýringum á þeim og einnig var sett fram nýtt mat lóðanna, miðað við breytingar sem höfðu orðið á ástandi þeirra og þar af leiðandi tillaga að nýrri forgangsröðun endurbóta.

Hér er aftur sett fram endurskoðað mat lóðanna, eftir breytingar sem orðið hafa sl. tvö ár, og á grunni þess tillaga að nýrri forgangsröðun endurbóta leikskólalóða í Kópavogi.

# Hvað hefur verið gert á leikskólalóðunum 2017-2022?

Í skýrslu sem lögð var fyrir leikskólanefnd í ársbyrjun 2021 er lýsing á helstu verkum á leikskólalóðunum sem unnin voru árin 2017-2020, en þær eru taldar upp í töflu 1. Þar hefur verið bætt við framkvæmdum sl. tveggja ára.

| | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Grænatún** | ■ | | | | | |
| **Fagrabrekka** | | ■ | | | | |
| **Arnarsmári** | | ■ | ■ | | | |
| **Álfatún** | | | ■ | ■ | | |
| **Núpur** | | | | ■ | | |
| **Efstihjalli** | | | | | ■ | ■ |
| **Lækur (Stóri-)** | | | | | ■ | ■ |

Tafla 1. Yfirlit yfir framkvæmdir í „Skemmtilegum leikskólalóðum" 2017-2022.

Lóðir leikskólanna Efstahjalla og Lækjar voru nær alveg endurnýjaðar 2021-2022, en önnur stór verk á leikskólalóðum á tímabilinu eru gerð ungbarnaleiksvæðis við Kór ásamt lóðarstækkun og lagfæringum í Furugrund. Ekki eru talin með þau fjölmörgu verk sem lúta frekar að viðhaldi á lóðum, leiktækjum, búnaði o.fl. eða minniháttar lagfæringum og endurbótum.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

# Fjöldi rýma og stærðir leikskólalóða

| Fjöldi rýma og stærð lóða 2017 | Fjöldi rýma 2016 | Lóðar-stærð 2016 | Lóðar-stærð pr. rými |
|---|---|---|---|
| Aðalþing | 120 | 2.470 | 20,6 |
| Arnarsmári | 90 | 3.390 | 37,7 |
| Austurkór | 120 | 3.400 | 28,3 |
| Álfaheiði | 84 | 3.030 | 36,1 |
| Álfatún | 79 | 1.860 | 23,5 |
| Baugur | 152 | 5.230 | 34,4 |
| Dalur | 88 | 2.360 | 26,8 |
| Efstihjalli | 100 | 4.040 | 40,4 |
| Fagrabrekka | 68 | 1.980 | 29,1 |
| Fífusalir | 111 | 3.520 | 31,7 |
| Furugrund | 72 | 1.670 | 23,2 |
| Grænatún | 65 | 2.110 | 32,5 |
| Kópahvoll | 80 | 3.210 | 40,1 |
| Kópasteinn | 73 | 2.550 | 34,9 |
| Kór | 120 | 5.330 | 44,4 |
| Lækur (Litli Lækur) | 36 | 1.930 | 53,6 |
| Lækur (Stóri Lækur) | 93 | 3.360 | 36,1 |
| Marbakki | 104 | 2.860 | 27,5 |
| Núpur | 105 | 3.220 | 30,7 |
| Rjúpnahæð | 111 | 3.660 | 33,0 |
| Sólhvörf | 120 | 4.110 | 34,3 |
| Urðarhóll (Kóp.br.) | 109 | 3.730 | 34,2 |
| Urðarhóll (Skólatröð) | 26 | 1.760 | 67,7 |
| SAMTALS | 2.126 | 70.780 | |
| MEÐALTAL 2017 | 92,4 | 3.077 | 34,8 |

| Fjöldi rýma og stærð lóða 2021 | Fjöldi rýma 2021 | Lóðar-stærð 2021 | Lóðar-stærð pr. rými |
|---|---|---|---|
| Aðalþing | 116 | 2.470 | 21,3 |
| Arnarsmári | 84 | 3.390 | 40,4 |
| Austurkór | 116 | 3.400 | 29,3 |
| Álfaheiði | 80 | 3.030 | 37,9 |
| Álfatún | 79 | 2.600 | 32,9 |
| Baugur | 143 | 5.230 | 36,6 |
| Dalur | 82 | 2.360 | 28,8 |
| Efstihjalli | 97 | 4.040 | 41,6 |
| Fagrabrekka | 68 | 2.070 | 30,4 |
| Fífusalir | 106 | 3.520 | 33,2 |
| Furugrund | 71 | 1.670 | 23,5 |
| Grænatún | 63 | 2.110 | 33,5 |
| Kópahvoll | 74 | 3.210 | 43,4 |
| Kópasteinn | 68 | 2.550 | 37,5 |
| Kór | 112 | 5.330 | 47,6 |
| Lækur (Litli Lækur) | 36 | 1.930 | 53,6 |
| Lækur (Stóri Lækur) | 93 | 3.360 | 36,1 |
| Marbakki | 98 | 2.860 | 29,2 |
| Núpur | 98 | 3.220 | 32,9 |
| Rjúpnahæð | 106 | 3.660 | 34,5 |
| Sólhvörf | 112 | 4.110 | 36,7 |
| Urðarhóll (Kóp.br.) | 105 | 3.730 | 35,5 |
| Urðarhóll (Skólatröð) | 26 | 1.760 | 67,7 |
| SAMTALS | 2.033 | 71.610 | |
| MEÐALTAL 2021 | 88,4 | 3.113 | 36,7 |

| Fjöldi rýma og stærð lóða 2023 | Fjöldi rýma 2023 | Lóðar-stærð 2023 | Lóðar-stærð pr. rými |
|---|---|---|---|
| Aðalþing | 116 | 2.470 | 21,3 |
| Arnarsmári | 84 | 3.390 | 40,4 |
| Austurkór | 116 | 3.400 | 29,3 |
| Álfaheiði | 79 | 3.030 | 38,4 |
| Álfatún | 79 | 2.600 | 32,9 |
| Baugur | 143 | 5.230 | 36,6 |
| Dalur | 82 | 2.360 | 28,8 |
| Efstihjalli | 97 | 4.040 | 41,6 |
| Fagrabrekka | 68 | 2.070 | 30,4 |
| Fífusalir | 106 | 3.520 | 33,2 |
| Furugrund | 100 | 2.050 | 20,5 |
| Grænatún | 63 | 2.110 | 33,5 |
| Kópahvoll | 74 | 3.210 | 43,4 |
| Kópasteinn | 68 | 2.550 | 37,5 |
| Kór | 112 | 5.330 | 47,6 |
| Lækur (Litli Lækur) | 36 | 1.930 | 53,6 |
| Lækur (Stóri Lækur) | 93 | 3.360 | 36,1 |
| Marbakki | 99 | 2.860 | 28,9 |
| Núpur | 99 | 3.220 | 32,5 |
| Rjúpnahæð | 106 | 3.660 | 34,5 |
| Sólhvörf | 139 | 3.980 | 28,6 |
| Urðarhóll (Kóp.br.) | 130 | 3.730 | 28,7 |
| Urðarhóll (Hábraut) | 26 | 1.570 | 60,4 |
| SAMTALS | 2.115 | 71.670 | |
| MEÐALTAL 2023 | 92,0 | 3.116 | 35,6 |

**Tafla 2. Fjöldi rýma og stærð lóða 2017, 2021 og 2023. Gengið er út frá meðaltali 2017 til að sjá betur hvað hefur breyst síðan þá. Metið er: nærri meðaltali, +/-10% (blátt), undir því (gult) og yfir því (grænt). Því hærri tala, þeim mun meira pláss og minni átroðningur. Gráir reitir tákna það sem hefur breyttist milli tímabila.**

Í fyrra fjölgaði leikskólarýmum um 82, en fækkaði á fyrra tímabilinu um 93, svo nú eru þau álíka mörg og 2017. Útileiksvæði leikskólalóðanna, þ.e. lóðarstærð innan girðingar, er nokkuð meira nú en 2017 þannig að meðalstærð pr. pláss eykst lítillega. Vegna fjölgunar barna í Sólhvörfum og Urðarhól – Kópavogsbraut minnkar fermetrafjöldi pr. rými þar talsvert, en mun minna í Furugrund því þar var lóð stækkuð eins og kostur var á.

Til að gera þann samanburð sem réttastan er ekki miðað við hve mörg börn eru í leikskólanum þessa stundina heldur hve mörgum rýmum gert er ráð fyrir á viðkomandi leikskóla. Frá 1995 var í gildi reglugerð um leikskóla, þar sem sagði: „Við hönnun nýrra útileiksvæða og þar sem því verður við komið við eldri leikskóla skal miðað við a.m.k. 30-40 $m^2$ fyrir hvert barn. Útileiksvæði skal þó aldrei vera minna en 20 $m^2$ fyrir hvert barn.“ Þetta viðmið var fellt út 2008 en engin leikskólalóðanna í Kópavogi hefur þó verið undir þessum viðmiðum. Stærð lóðar innan girðingar pr. barn, eða réttara sagt pr. rými, er nú minnst 20,5 $m^2$ í Furugrund og litlu meira í Aðalþingi en mest 60,4 $m^2$ í Urðarhól – Skólatröð við Hábraut. Meðaltalið er 35,6 $m^2$ pr. rými en var 36,7 $m^2$ árið 2021 og miðgildið nú er 33,5 $m^2$.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

# Leiktæki, leiktækjastig og leiktækifæri

| Leiktæki og leiktækjastig 2017 | Fjöldi rýma 2017 | Fjöldi leik-tækja | Fj. leik-tækja-stiga | Fj. rýma pr. leik-tæki | Fj. rýma pr. leikt.-stig |
|---|---|---|---|---|---|
| Aðalþing | 120 | 17 | 41 | 7,1 | 2,9 |
| Arnarsmári | 90 | 20 | 47 | 4,5 | 1,9 |
| Austurkór | 120 | 16 | 38 | 7,5 | 3,2 |
| Álfaheiði | 84 | 18 | 41 | 4,7 | 2,0 |
| Álfatún | 79 | 11 | 27 | 7,2 | 2,9 |
| Baugur | 152 | 23 | 51 | 6,6 | 3,0 |
| Dalur | 88 | 25 | 60 | 3,5 | 1,5 |
| Efstihjalli | 100 | 23 | 54 | 4,3 | 1,9 |
| Fagrabrekka | 68 | 18 | 40 | 3,8 | 1,7 |
| Fífusalir | 111 | 26 | 56 | 4,3 | 2,0 |
| Furugrund | 72 | 13 | 34 | 5,5 | 2,1 |
| Grænatún | 65 | 20 | 47 | 3,3 | 1,4 |
| Kópahvoll | 80 | 17 | 42 | 4,7 | 1,9 |
| Kópasteinn | 73 | 19 | 44 | 3,8 | 1,7 |
| Kór | 120 | 22 | 51 | 5,5 | 2,4 |
| Lækur (Litli Lækur) | 36 | 10 | 25 | 3,6 | 1,4 |
| Lækur (Stóri Lækur) | 93 | 23 | 52 | 4,0 | 1,8 |
| Marbakki | 104 | 21 | 46 | 5,0 | 2,3 |
| Núpur | 105 | 20 | 47 | 5,3 | 2,2 |
| Rjúpnahæð | 111 | 22 | 46 | 5,0 | 2,4 |
| Sólhvörf | 120 | 18 | 42 | 6,7 | 2,9 |
| Urðarhóll (Kóp.br.) | 109 | 24 | 50 | 4,5 | 2,2 |
| Urðarhóll (Skólatröð) | 26 | 13 | 25 | 2,0 | 1,0 |
| SAMTALS | 2.126 | 439 | 1.006 | | |
| MEÐALTAL 2017 | 92,4 | 19,1 | 43,7 | 4,9 | 2,1 |

| Leiktæki og leiktækjastig 2023 | Fjöldi rýma 2023 | Fjöldi leik-tækja | Fj. leik-tækja-stiga | Fj. rýma pr. leik-tæki | Fj. rýma pr. leikt.-stig |
|---|---|---|---|---|---|
| Aðalþing | 116 | 17 | 41 | 6,8 | 2,8 |
| Arnarsmári | 84 | 21 | 53 | 4,0 | 1,6 |
| Austurkór | 116 | 16 | 38 | 7,3 | 3,1 |
| Álfaheiði | 79 | 19 | 42 | 4,2 | 1,9 |
| Álfatún | 79 | 20 | 48 | 4,0 | 1,6 |
| Baugur | 143 | 23 | 51 | 6,2 | 2,8 |
| Dalur | 82 | 25 | 60 | 3,3 | 1,4 |
| Efstihjalli | 97 | 25 | 58 | 3,9 | 1,7 |
| Fagrabrekka | 68 | 16 | 37 | 4,3 | 1,8 |
| Fífusalir | 106 | 25 | 55 | 4,2 | 1,9 |
| Furugrund | 100 | 22 | 54 | 4,5 | 1,9 |
| Grænatún | 63 | 21 | 49 | 3,0 | 1,3 |
| Kópahvoll | 74 | 15 | 35 | 4,9 | 2,1 |
| Kópasteinn | 68 | 19 | 44 | 3,6 | 1,5 |
| Kór | 112 | 22 | 55 | 5,1 | 2,0 |
| Lækur (Litli Lækur) | 36 | 11 | 27 | 3,3 | 1,3 |
| Lækur (Stóri Lækur) | 93 | 24 | 57 | 3,9 | 1,6 |
| Marbakki | 99 | 21 | 46 | 4,7 | 2,2 |
| Núpur | 99 | 21 | 53 | 4,7 | 1,9 |
| Rjúpnahæð | 106 | 23 | 48 | 4,6 | 2,2 |
| Sólhvörf | 139 | 22 | 49 | 6,3 | 2,8 |
| Urðarhóll (Kóp.br.) | 130 | 22 | 48 | 5,9 | 2,7 |
| Urðarhóll (Hábraut) | 26 | 6 | 16 | 4,3 | 1,6 |
| SAMTALS | 2.115 | 456 | 1.064 | | |
| MEÐALTAL 2023 | 92,0 | 19,8 | 46,3 | 4,6 | 2,0 |

**Tafla 3. Fjöldi leiktækja og leiktækjastiga og tengsl við fjölda notenda (rýma) 2017 og 2023. Gengið er út frá meðaltali 2017 til að sjá betur hvað hefur breyst síðan þá. Metið er: nærri meðaltali, +/-10% (blátt), undir því (gult) og yfir því (grænt). Því lægri tala, þ.e. færri börn um leiktækin, þeim mun betra. Gráir reitir tákna það sem hefur breyst hefur á tímabilinu, þar af dökkgrátt sl. tvö ár.**

Töflur í skýrslunni frá 2017 með yfirliti yfir þau leiktæki sem þá var að finna voru bornar saman við það sem nú er á lóðunum. Fjöldi leiktækja á lóðum leikskólanna hefur lítið breyst frá 2017 en mikið hefur verið endurnýjað. Skoðaður var fjöldi rýma (barna) á hvert leiktæki og er meðaltalið nú 4,6 en var 4,9 árið 2017. Einnig var þetta skoðað út frá mismunandi eðli og gerð leiktækjanna og þeim gefin stig. Þannig fékk t.d. einföld jafnvægisslá eða borð í sandkassa 1 stig, leikkofi 2 stig, venjuleg róla 3 stig og kastali með rennibraut eða sambærilegt 5-6 stig. Öll leiktæki fengu þannig 1-6 „leiktækjastig“. Það hversu mörg börn voru um hvert leiktækjastig gefur í raun réttari mynd af notagildi heldur en fjöldi tækja. Bæði þessi atriði eru notuð sem mælikvarði við mat á aðstæðum. Jafnframt var skoðað og tekið tillit til við forgangsröðun hver aldur leiktækjanna var, sjá töflu ….

En það er fleira en fjöldi leiktækja sem gerir leikskólalóð góða. Í töflu 4 eru tekin saman ýmis önnur atriði sem starfshópurinn kallaði einu nafni „leiktækifæri“. Fjöldi leiktækifæra pr. rými (barn) er einn af mælikvörðunum sem notaðir eru við mat á aðstæðum hverrar lóðar. Meðaltalið er nú 6,1 en var 7,1 árið 2017.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

| Leiktækifæri 2017 | Bekkir | Berjarunnar | Boltavöllur/-svæði | Borð með bekkjum | Brú | Drullumallsvæði | Eldstæði | Fjölbreyttur efniviður | Fuglahús/-bretti | Grasbrekka | Grasflöt | Grjót | Gróðursæld | Göng | Hjólastígar/aðrir stígar | Hóll | Malarsvæði | Matjurtagarður/-svæði | Náttúrusvæði | Setstallar | Sleðabrekka | Stauraþyrping | Stór hörð svæði | Timburpallar | Útivatnskrani | Leik-tæki-færi alls 2017 | Fjöldi rýma 2017 | Fjöldi rýma pr. leikt-tæki-færi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Aðalþing | 1 | | | 1 | 1 | | | | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | | | 1 | 1 | | 13 | 120 | 9,2 |
| Arnarsmári | 1 | 1 | | 1 | | | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | 1 | | | | | | 1 | 1 | 14 | 90 | 6,4 |
| Austurkór | 1 | | | 1 | | | 1 | | | 1 | 1 | | | | 1 | | | | | | | 1 | 1 | | 1 | 9 | 120 | 13,3 |
| Álfaheiði | 2 | 1 | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | | 2 | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | 19 | 84 | 4,4 |
| Álfatún | 1 | 1 | | | | 1 | | | | 1 | | | 1 | | 1 | | 1 | | | 1 | | | 1 | 1 | 1 | 11 | 79 | 7,2 |
| Baugur | | 1 | | 2 | | | | | | 1 | 1 | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | | | | 1 | 2 | 1 | | 13 | 152 | 11,7 |
| Dalur | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | | | 1 | 2 | 1 | | | 2 | 1 | 1 | 18 | 88 | 4,9 |
| Efstihjalli | 1 | | | 1 | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | | | 1 | | 1 | 1 | | 11 | 100 | 9,1 |
| Fagrabrekka | 1 | | | 1 | | | 1 | | | 1 | | | 1 | | | | 1 | 1 | | | | | 2 | 1 | | 10 | 68 | 6,8 |
| Fífusalir | 1 | 1 | 1 | | 1 | | | | | | 1 | 1 | 2 | | 2 | 1 | 1 | 1 | | | | | 1 | 1 | 1 | 16 | 111 | 6,9 |
| Furugrund | 2 | 1 | | 1 | | | | | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | | | | | 1 | | | 1 | | 1 | 11 | 72 | 6,5 |
| Grænatún | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | | | 1 | 2 | 1 | 1 | | 1 | 1 | | 17 | 65 | 3,8 |
| Kópahvoll | 1 | | | 1 | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | | | 1 | | 1 | 1 | | 12 | 80 | 6,7 |
| Kópasteinn | 2 | 1 | 1 | 1 | | | | | | | 1 | 2 | 1 | | | | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | 15 | 73 | 4,9 |
| Kór | 1 | | | 2 | | | | | | 1 | 1 | | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | | | 1 | 1 | 1 | | 1 | 14 | 120 | 8,6 |
| Lækur (Litli Lækur) | 1 | | | 1 | | | | | | | 2 | | 1 | | 1 | | 1 | | | | | | 1 | | 1 | 9 | 36 | 4,0 |
| Lækur (Stóri Lækur) | 1 | | 1 | 1 | | | | | | | 1 | | 2 | | 1 | 1 | 1 | | | | 1 | | 1 | | 1 | 12 | 93 | 7,8 |
| Marbakki | 1 | | | 1 | | | | | | 1 | 1 | 2 | 1 | | 1 | | | 1 | | | 1 | | 1 | | 1 | 12 | 104 | 8,7 |
| Núpur | 1 | | | 1 | 1 | | | | | 1 | 1 | 1 | 2 | | 2 | | 1 | 1 | | | 1 | | 1 | | 1 | 15 | 105 | 7,0 |
| Rjúpnahæð | 2 | | | 2 | 1 | | 1 | | | | 1 | 1 | 2 | | 2 | 1 | 1 | 1 | | | | | 1 | 1 | 1 | 18 | 111 | 6,2 |
| Sólhvörf | | 1 | | 1 | | | 1 | | | | 1 | 1 | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | | 1 | 1 | 1 | | | 12 | 120 | 10,0 |
| Urðarhóll (Kóp.br.) | 2 | | 1 | 1 | 1 | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | 2 | | 1 | | | | 1 | | 1 | | 1 | 15 | 109 | 7,3 |
| Urðarhóll (Skólatröð) | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | | | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | 1 | 1 | | | | | 1 | | 1 | 12 | 26 | 2,2 |
| **SAMTALS 2017** | **26** | **11** | **6** | **24** | **5** | **5** | **8** | **0** | **4** | **17** | **18** | **16** | **25** | **1** | **23** | **7** | **17** | **15** | **6** | **6** | **10** | **5** | **25** | **12** | **16** | **308** | **2.126** | |
| **MEÐALTAL 2017** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | **13,4** | | **7,1** |

| Leiktækifæri 2023 | Bekkir | Berjarunnar | Boltavöllur/-svæði | Borð með bekkjum | Brú | Drullumallsvæði | Eldstæði | Fjölbreyttur efniviður | Fuglahús/-bretti | Grasbrekka | Grasflöt | Grjót | Gróðursæld | Göng | Hjólastígar/aðrir stígar | Hóll | Malarsvæði | Matjurtagarður/-svæði | Náttúrusvæði | Setstallar | Sleðabrekka | Stauraþyrping | Stór hörð svæði | Timburpallar | Útivatnskrani | Leik-tæki-færi alls 2023 | Fjöldi rýma 2023 | Fjöldi rýma pr. leikt-tæki-færi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Aðalþing | 1 | | | 1 | 1 | | | | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | | 1 | | 1 | | | 1 | 1 | | 12 | 116 | 9,7 |
| Arnarsmári | 2 | 1 | | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 21 | 84 | 4,0 |
| Austurkór | 1 | | | 1 | | | 1 | | | 1 | 1 | | | | 1 | | | 1 | | | | 1 | 1 | | 1 | 10 | 116 | 11,6 |
| Álfaheiði | 2 | 1 | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | | 2 | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | 19 | 79 | 4,2 |
| Álfatún | 1 | 1 | | | | 1 | | 1 | 1 | 1 | | | 1 | | 1 | | 1 | | | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | 14 | 79 | 5,6 |
| Baugur | 1 | 1 | | 2 | | | | | | 1 | 1 | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | | | | 1 | 2 | 1 | 1 | 15 | 143 | 9,5 |
| Dalur | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | | | 1 | 2 | 1 | | | 2 | 1 | 1 | 18 | 82 | 4,6 |
| Efstihjalli | 1 | 1 | 1 | 1 | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | | | 1 | | 1 | 1 | 1 | 14 | 97 | 6,9 |
| Fagrabrekka | 1 | 1 | | 1 | | | 1 | | | 1 | | | 1 | | | | | 1 | | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | | 13 | 68 | 5,2 |
| Fífusalir | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | | | | | 1 | 1 | 2 | | 2 | 1 | 1 | | | | | | 1 | 1 | 1 | 16 | 106 | 6,6 |
| Furugrund | 2 | 1 | 1 | 1 | | 1 | | | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | 1 | | | | 1 | | | 1 | 1 | 1 | 15 | 100 | 6,7 |
| Grænatún | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | 18 | 63 | 3,5 |
| Kópahvoll | 1 | | | 1 | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | | | 1 | | 1 | 1 | | 12 | 74 | 6,2 |
| Kópasteinn | 2 | 1 | 1 | 1 | | | | | | | 1 | 2 | 1 | | | | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | 15 | 68 | 4,5 |
| Kór | 2 | 1 | | 2 | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 17 | 112 | 6,6 |
| Lækur (Litli Lækur) | 1 | | | 1 | | | | | | | 2 | | 1 | | | | 1 | | | | | | 1 | | 1 | 8 | 36 | 4,5 |
| Lækur (Stóri Lækur) | 2 | 1 | 2 | 1 | | 1 | | 1 | | | 1 | 1 | 2 | | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | 19 | 93 | 4,9 |
| Marbakki | 1 | | | 1 | | | | | | 1 | 1 | 2 | 1 | | 1 | | | 1 | | | 1 | | 1 | | 1 | 12 | 99 | 8,3 |
| Núpur | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | 2 | | 2 | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 22 | 99 | 4,5 |
| Rjúpnahæð | 2 | 1 | | 2 | 1 | | 1 | | | | 1 | 1 | 2 | | 2 | 1 | 1 | 1 | | | | | 1 | 1 | 1 | 19 | 106 | 5,6 |
| Sólhvörf | 1 | 1 | | 1 | | | 1 | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | | | 1 | 1 | 1 | | 1 | 16 | 139 | 8,7 |
| Urðarhóll (Kóp.br.) | 2 | | 1 | 1 | 1 | | | | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 2 | | 1 | 1 | | | 1 | | 1 | | 1 | 18 | 130 | 7,2 |
| Urðarhóll (Hábraut) | 1 | | | 1 | | | | | | 1 | 1 | 2 | 1 | | | | 1 | | 1 | | 1 | | | | | 10 | 26 | 2,6 |
| **SAMTALS 2023** | **31** | **16** | **9** | **25** | **6** | **7** | **9** | **4** | **7** | **18** | **20** | **19** | **27** | **0** | **22** | **7** | **14** | **14** | **8** | **9** | **13** | **9** | **25** | **15** | **19** | **353** | **2.115** | |
| **MEÐALTAL 2023** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | **15,5** | | **6,0** |

**Tafla 4. Leiktækifæri á leikskólalóðum 2017 og 2023. Gengið er út frá meðaltali 2017 til að sjá betur hvað hafði breyst síðan þá. Metið er: nærri meðaltali, +/-10%, (blátt), undir því (gult) og yfir því (grænt). Því færri börn um hvert leiktækifæri, þeim mun fjölbreyttari lóð. Gráir reitir tákna það sem breyst hefur á tímabilinu.**



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

# Mat á leikskólalóðum

Árið 2017 kom starfshópurinn um skemmtilegar leikskólalóðir kom sér saman um að búa til og nota við matið 13 mælikvarða í þremur flokkum:

## Aðstæður:

**Stærð útisvæða.** Því stærra svæði, þeim mun meira pláss og minni átroðningur. Sjá bls. ….

**Leiktæki**. Því færri börn um hvert leiktæki/leiktækjastig, þeim mun betra. Sjá bls. ….

**Leiktækifæri**. Því færri börn um hvert leiktækifæri, þeim mun fjölbreyttari lóð. Sjá bls. ….

**Aðgengi að útivistarsvæðum í nágrenninu**. Metið er annars vegar út frá hversu langt er að fara frá leikskóla að útivistarsvæði og hversu örugg leiðin er, og hins vegar út frá stærð og fjölbreytni útivistarsvæðanna. Því fleiri stig, þeim mun betra er aðgengið og útivistarsvæðið.

## Almennt ástand:

Eðlilegt er við mat á leikskólalóðum að ástand þeirra og búnaðar á þeim vegi þungt á metunum og eru því 6 af 13 mælikvörðum í þessum flokki. Garðyrkjustjóri, sem ásamt starfsmönnum garðyrkjudeildar hefur umsjón með rekstrarskoðunum og viðhaldi leikskólalóðanna, mat: **ástand leiktækja, ástand undirlags við leiktæki, ástand annars búnaðar á lóð, ástand girðinga og hliða, ástand lýsingar á lóð** og loks **ástand annarra lóðarhluta**.

Gefin voru 1-5 stig fyrir hvern mælikvarða þar sem ástandið var metið: 1 = mjög slæmt, 2 = ekki nógu gott (undir meðaltali), 3 = í lagi (meðaltal +/- 5%), 4 = gott (>5% yfir meðaltali), 5 = mjög gott (>20% yfir meðaltali). Því fleiri stig, þeim mun betra ástand.

## Aldur:

Í þessum flokki er metinn **aldur leiktækja** á lóðum annars vegar og hins vegar **hvenær lóð var gerð eða endurgerð**, eða réttara sagt sá tími sem liðinn er frá því. Því fleiri stig, þeim mun yngri eru leiktækin og/eða styttri tími liðinn frá gerð eða endurgerð lóðar.

Í töflu 5. eru niðurstöður matsins settar fram í tölum í fyrrnefndum þremur flokkum, bæði eins og þær eru í skýrslunni frá 2017 og í stöðumati 2023. Eins og sjá má eru niðurstöður stundum mismunandi eftir flokkum, t.d. þar sem aðstæður eru ekki góðar en ástand lóðar og búnaðar er gott. Tekin eru saman stig fyrir hvern flokk og síðan sett fram sem hlutfall af mögulegum hámarksfjölda stiga. Til auðkenningar er hlutfallstalan merkt með bleikum lit ef hún er meira en 5% yfir meðaltali, hvítur prósentureitur merkir að hlutfallið sé +/- 5% frá meðaltali og svartur litur meira en 5% undir meðaltali.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

| Mat á leik-sk.lóðum 2017 eftir flokkum | 1. Aðstæður | | | | | | | 2. Ástand | | | | | | | | 3. Aldur | | | | ALLS | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lóðar-stærð pr. rými | Fjöldi rýma pr. leik-tæki | Fjöldi rýma pr. leikt.-stig | Önnur leik-tæki-færi á lóð | Aðg. að útiv.-svæðu m í nágr. | Stig | Hlut-fall | Ástand leik-tækja | Ástand undir-lags leikt. | Ástand bún-aðar | Ástand girð-inga og hliða | Ástand lýsing-ar á lóð | Ástand lóðar, annað | Stig | Hlut-fall | Aldur leik-tækja | Ár frá gerð /endur-gerð lóðar | Stig | Hlut-fall | Stig | Hlut-fall |
| Aðalþing | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 10 | 40% | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 24 | 80% | 4 | 4 | 8 | 80% | 42 | 65% |
| Arnarsmári | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 15 | 60% | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 14 | 47% | 3 | 2 | 5 | 50% | 34 | 52% |
| Austurkór | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 11 | 44% | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 25 | 83% | 5 | 5 | 10 | 100% | 46 | 71% |
| Álfaheiði | 3 | 3 | 3 | 4 | 3 | 16 | 64% | 4 | 4 | 4 | 3 | 2 | 4 | 21 | 70% | 5 | 5 | 10 | 100% | 47 | 72% |
| Álfatún | 2 | 2 | 2 | 3 | 4 | 13 | 52% | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 17 | 57% | 3 | 3 | 6 | 60% | 36 | 55% |
| Baugur | 3 | 2 | 2 | 2 | 3 | 12 | 48% | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 24 | 80% | 4 | 4 | 8 | 80% | 44 | 68% |
| Dalur | 2 | 4 | 5 | 4 | 3 | 18 | 72% | 4 | 5 | 4 | 3 | 4 | 5 | 25 | 83% | 5 | 5 | 10 | 100% | 53 | 82% |
| Efstihjalli | 5 | 4 | 3 | 2 | 3 | 17 | 68% | 2 | 3 | 4 | 3 | 2 | 2 | 16 | 53% | 2 | 3 | 5 | 50% | 38 | 58% |
| Fagrabrekka | 2 | 4 | 4 | 3 | 2 | 15 | 60% | 3 | 3 | 4 | 2 | 2 | 3 | 17 | 57% | 3 | 2 | 5 | 50% | 37 | 57% |
| Fífusalir | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 16 | 64% | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 22 | 73% | 3 | 3 | 6 | 60% | 44 | 68% |
| Furugrund | 2 | 2 | 3 | 3 | 5 | 15 | 60% | 4 | 5 | 4 | 4 | 4 | 5 | 26 | 87% | 5 | 5 | 10 | 100% | 51 | 78% |
| Grænatún | 3 | 4 | 5 | 4 | 5 | 21 | 84% | 4 | 5 | 4 | 3 | 5 | 5 | 26 | 87% | 5 | 5 | 10 | 100% | 57 | 88% |
| Kópahvoll | 5 | 3 | 3 | 3 | 5 | 19 | 76% | 4 | 4 | 3 | 2 | 3 | 2 | 18 | 60% | 3 | 2 | 5 | 50% | 42 | 65% |
| Kópasteinn | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 19 | 76% | 4 | 4 | 3 | 4 | 3 | 3 | 21 | 70% | 3 | 2 | 5 | 50% | 45 | 69% |
| Kór | 5 | 2 | 2 | 2 | 2 | 13 | 52% | 4 | 4 | 3 | 4 | 4 | 3 | 22 | 73% | 4 | 4 | 8 | 80% | 43 | 66% |
| Lækur (Litli Lækur) | 5 | 4 | 5 | 4 | 5 | 23 | 92% | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 4 | 23 | 77% | 4 | 4 | 8 | 80% | 54 | 83% |
| Lækur (Stóri Lækur) | 3 | 4 | 4 | 3 | 5 | 19 | 76% | 3 | 3 | 4 | 3 | 3 | 2 | 18 | 60% | 3 | 2 | 5 | 50% | 42 | 65% |
| Marbakki | 2 | 3 | 3 | 2 | 5 | 15 | 60% | 3 | 4 | 3 | 4 | 2 | 3 | 19 | 63% | 3 | 4 | 7 | 70% | 41 | 63% |
| Núpur | 2 | 3 | 3 | 3 | 4 | 15 | 60% | 3 | 4 | 4 | 4 | 3 | 4 | 22 | 73% | 2 | 2 | 4 | 40% | 41 | 63% |
| Rjúpnahæð | 3 | 3 | 2 | 4 | 5 | 17 | 68% | 4 | 3 | 4 | 4 | 3 | 4 | 22 | 73% | 3 | 3 | 6 | 60% | 45 | 69% |
| Sólhvörf | 3 | 2 | 2 | 2 | 3 | 12 | 48% | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 23 | 77% | 4 | 4 | 8 | 80% | 43 | 66% |
| Urðarhóll (Kóp.br.) | 3 | 3 | 3 | 3 | 5 | 17 | 68% | 4 | 3 | 4 | 4 | 4 | 2 | 21 | 70% | 4 | 4 | 8 | 80% | 46 | 71% |
| Urðarhóll (Skólatröð) | 5 | 5 | 5 | 4 | 2 | 21 | 84% | 2 | 4 | 3 | 3 | 2 | 3 | 17 | 57% | 2 | 2 | 4 | 40% | 42 | 65% |
| Meðaltal 2017: | 3,1 | 3,1 | 3,2 | 3,0 | 3,7 | 16 | 64% | 3,6 | 3,8 | 3,7 | 3,4 | 3,2 | 3,3 | 21 | 70% | 3,6 | 3,4 | 7 | 70% | 44 | 68% |

| Mat á leik-sk.lóðum 2023 eftir flokkum | 1. Aðstæður | | | | | | | 2. Ástand | | | | | | | | 3. Aldur | | | | ALLS | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lóðar-stærð pr. rými | Fjöldi rýma pr. leik-tæki | Fjöldi rýma pr. leikt.-stig | Önnur leik-tæki-færi á lóð | Aðg. að útiv.-svæðu m í nágr. | Stig | Hlut-fall | Ástand leik-tækja | Ástand undir-lags leikt. | Ástand bún-aðar | Ástand girð-inga og hliða | Ástand lýsing-ar á lóð | Ástand lóðar, annað | Stig | Hlut-fall | Aldur leik-tækja | Ár frá gerð /endur-gerð lóðar | Stig | Hlut-fall | Stig | Hlut-fall |
| Aðalþing | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 10 | 40% | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 28 | 93% | 4 | 4 | 8 | 80% | 46 | 71% |
| Arnarsmári | 4 | 5 | 5 | 5 | 3 | 22 | 88% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 29 | 97% | 5 | 5 | 10 | 100% | 61 | 94% |
| Austurkór | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 11 | 44% | 5 | 5 | 4 | 5 | 5 | 3 | 27 | 90% | 5 | 5 | 10 | 100% | 48 | 74% |
| Álfaheiði | 4 | 4 | 3 | 5 | 3 | 19 | 76% | 4 | 4 | 4 | 2 | 4 | 4 | 22 | 73% | 4 | 4 | 8 | 80% | 49 | 75% |
| Álfatún | 3 | 5 | 5 | 5 | 5 | 23 | 92% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 29 | 97% | 5 | 5 | 10 | 100% | 62 | 95% |
| Baugur | 3 | 2 | 2 | 2 | 3 | 12 | 48% | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 3 | 21 | 70% | 3 | 3 | 6 | 60% | 39 | 60% |
| Dalur | 2 | 5 | 5 | 5 | 3 | 20 | 80% | 4 | 5 | 5 | 4 | 5 | 4 | 27 | 90% | 5 | 5 | 10 | 100% | 57 | 88% |
| Efstihjalli | 4 | 5 | 4 | 3 | 3 | 19 | 76% | 5 | 4 | 5 | 4 | 5 | 4 | 27 | 90% | 5 | 5 | 10 | 100% | 56 | 86% |
| Fagrabrekka | 2 | 4 | 4 | 5 | 3 | 18 | 72% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 29 | 97% | 5 | 5 | 10 | 100% | 57 | 88% |
| Fífusalir | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 16 | 64% | 3 | 3 | 3 | 4 | 3 | 2 | 18 | 60% | 2 | 2 | 4 | 40% | 38 | 58% |
| Furugrund | 2 | 3 | 3 | 3 | 5 | 16 | 64% | 4 | 5 | 5 | 4 | 5 | 4 | 27 | 90% | 5 | 5 | 10 | 100% | 53 | 82% |
| Grænatún | 3 | 5 | 5 | 5 | 5 | 23 | 92% | 4 | 5 | 5 | 3 | 5 | 4 | 26 | 87% | 5 | 5 | 10 | 100% | 59 | 91% |
| Kópahvoll | 5 | 3 | 3 | 4 | 5 | 20 | 80% | 4 | 3 | 4 | 4 | 3 | 3 | 21 | 70% | 3 | 4 | 7 | 70% | 48 | 74% |
| Kópasteinn | 3 | 5 | 5 | 5 | 4 | 22 | 88% | 3 | 3 | 4 | 3 | 3 | 3 | 19 | 63% | 3 | 3 | 6 | 60% | 47 | 72% |
| Kór | 5 | 3 | 3 | 3 | 2 | 16 | 64% | 4 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 23 | 77% | 3 | 3 | 6 | 60% | 45 | 69% |
| Lækur (Litli Lækur) | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 25 | 100% | 3 | 3 | 4 | 4 | 3 | 4 | 21 | 70% | 3 | 3 | 6 | 60% | 52 | 80% |
| Lækur (Stóri Lækur) | 3 | 5 | 5 | 5 | 5 | 23 | 92% | 5 | 5 | 5 | 3 | 5 | 4 | 27 | 90% | 5 | 5 | 10 | 100% | 60 | 92% |
| Marbakki | 2 | 3 | 3 | 2 | 5 | 15 | 60% | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 22 | 73% | 3 | 4 | 7 | 70% | 44 | 68% |
| Núpur | 3 | 3 | 3 | 5 | 4 | 18 | 72% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 30 | 100% | 5 | 5 | 10 | 100% | 58 | 89% |
| Rjúpnahæð | 3 | 3 | 3 | 3 | 5 | 17 | 68% | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 21 | 70% | 2 | 2 | 4 | 40% | 42 | 65% |
| Sólhvörf | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 11 | 44% | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 3 | 21 | 70% | 2 | 2 | 4 | 40% | 36 | 55% |
| Urðarhóll (Hábraut) | 5 | 4 | 5 | 5 | 4 | 23 | 92% | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 18 | 60% | 2 | 2 | 4 | 40% | 45 | 69% |
| Urðarhóll (Kóp.br.) | 2 | 2 | 2 | 3 | 5 | 14 | 56% | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 23 | 77% | 3 | 3 | 6 | 60% | 43 | 66% |
| Meðaltal 2023: | 3,1 | 3,6 | 3,6 | 3,8 | 3,9 | 18 | 72% | 4,0 | 4,0 | 4,3 | 4,0 | 4,2 | 3,7 | 24 | 81% | 3,8 | 3,9 | 8 | 77% | 50 | 77% |

STIGAGJÖF:

| | | |
|---|---|---|
| 2 = | undir meðaltali | ekki nógu gott |
| 3 = | meðaltal +/-10% | í lagi |
| 4 = | yfir meðaltali | gott |
| 5 = | meðaltal + >20% | mjög gott |

| | |
|---|---|
| % | > 5%-stig yfir meðaltali |
| % | +/- 5% meðaltal |
| % | > 5%-stig undir meðaltali |

**Tafla 5. Mat á leikskólalóðum eftir flokkum 2017 og 2023.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

# Samandregnar niðurstöður endurmats að forgangsröðun

| Heildarmat á leikskólalóðum 2017 | 1. Aðstæður | | | | | 2. Ástand | | | | | | 3. Aldur | | Stig alls | Hlut-fall | For-gangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lóðar-stærð pr. rými | Fjöldi rýma pr. leik-tæki | Fjöldi rýma pr. leikt.-stig | Önnur leik-tæki-færi á lóð | Aðg. að útiv.-svæðu m í nágr. | Ástand leik-tækja | Ástand undir-lags leikt. | Ástand bún-aðar | Ástand girð-inga og hliða | Ástand lýsing-ar á lóð | Ástand lóðar, annað | Aldur leik-tækja | Ár frá gerð /endur-gerð lóðar | | | |
| Arnarsmári | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 2 | 34 | 52% | 1 |
| Álfatún | 2 | 2 | 2 | 3 | 4 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 3 | 3 | 36 | 55% | 1 |
| Fagrabrekka | 2 | 4 | 4 | 3 | 2 | 3 | 3 | 4 | 2 | 2 | 3 | 3 | 2 | 37 | 57% | 1 |
| Efstihjalli | 5 | 4 | 3 | 2 | 3 | 2 | 3 | 4 | 3 | 2 | 2 | 2 | 3 | 38 | 58% | 1 |
| Marbakki | 2 | 3 | 3 | 2 | 5 | 3 | 4 | 3 | 4 | 2 | 3 | 3 | 4 | 41 | 63% | 1 |
| Núpur | 2 | 3 | 3 | 3 | 4 | 3 | 4 | 4 | 4 | 3 | 4 | 2 | 2 | 41 | 63% | 1 |
| Aðalþing | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 42 | 65% | 2 |
| Kópahvoll | 5 | 3 | 3 | 3 | 5 | 4 | 4 | 3 | 2 | 3 | 2 | 3 | 2 | 42 | 65% | 2 |
| Lækur (Stóri Lækur) | 3 | 4 | 4 | 3 | 5 | 3 | 3 | 4 | 3 | 3 | 2 | 3 | 2 | 42 | 65% | 2 |
| Urðarhóll (Skólatröð) | 5 | 5 | 5 | 4 | 2 | 2 | 4 | 3 | 3 | 2 | 3 | 2 | 2 | 42 | 65% | 2 |
| Kór | 5 | 2 | 2 | 2 | 2 | 4 | 4 | 3 | 4 | 4 | 3 | 4 | 4 | 43 | 66% | 2 |
| Sólhvörf | 3 | 2 | 2 | 2 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 4 | 4 | 43 | 66% | 2 |
| Baugur | 3 | 2 | 2 | 2 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 44 | 68% | 2 |
| Fífusalir | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 3 | 3 | 44 | 68% | 2 |
| Kópasteinn | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 4 | 3 | 3 | 3 | 2 | 45 | 69% | 2 |
| Rjúpnahæð | 3 | 3 | 2 | 4 | 5 | 4 | 3 | 4 | 4 | 3 | 4 | 3 | 3 | 45 | 69% | 2 |
| Austurkór | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 5 | 46 | 71% | 3 |
| Urðarhóll (Kóp.br.) | 3 | 3 | 3 | 3 | 5 | 4 | 3 | 4 | 4 | 4 | 2 | 4 | 4 | 46 | 71% | 3 |
| Álfaheiði | 3 | 3 | 3 | 4 | 3 | 4 | 4 | 4 | 3 | 2 | 4 | 5 | 5 | 47 | 72% | 3 |
| Furugrund | 2 | 2 | 3 | 3 | 5 | 4 | 5 | 4 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 | 51 | 78% | 3 |
| Dalur | 2 | 4 | 5 | 4 | 3 | 4 | 5 | 4 | 3 | 4 | 5 | 5 | 5 | 53 | 82% | 3 |
| Lækur (Litli Lækur) | 5 | 4 | 5 | 4 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 4 | 4 | 4 | 54 | 83% | 3 |
| Grænatún | 3 | 4 | 5 | 4 | 5 | 4 | 5 | 4 | 3 | 5 | 5 | 5 | 5 | 57 | 88% | 3 |
| Meðaltal 2017: | 3,1 | 3,1 | 3,2 | 3,0 | 3,7 | 3,6 | 3,8 | 3,7 | 3,4 | 3,2 | 3,3 | 3,6 | 3,4 | 44,0 | 68% | |

| Heildarmat á leikskólalóðum 2023 | 1. Aðstæður | | | | | 2. Ástand | | | | | | 3. Aldur | | ALLS | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lóðar-stærð pr. rými | Fjöldi rýma pr. leik-tæki | Fjöldi rýma pr. leikt.-stig | Önnur leik-tæki-færi á lóð | Aðg. að útiv.-svæðu m í nágr. | Ástand leik-tækja | Ástand undir-lags leikt. | Ástand bún-aðar | Ástand girð-inga og hliða | Ástand lýsing-ar á lóð | Ástand lóðar, annað | Aldur leik-tækja | Ár frá gerð /endur-gerð lóðar | Stig | Hlut-fall | For-gangur |
| Sólhvörf | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 3 | 2 | 2 | 36 | 55% | 1 |
| Fífusalir | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 3 | 3 | 3 | 4 | 3 | 2 | 2 | 2 | 38 | 58% | 1 |
| Baugur | 3 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 3 | 39 | 60% | 1 |
| Rjúpnahæð | 3 | 3 | 3 | 3 | 5 | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 2 | 2 | 42 | 65% | 1 |
| Urðarhóll (Kóp.br.) | 2 | 2 | 2 | 3 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 3 | 43 | 66% | 1 |
| Marbakki | 2 | 3 | 3 | 2 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 3 | 4 | 44 | 68% | 1 |
| Kór | 5 | 3 | 3 | 3 | 2 | 4 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 45 | 69% | 1 |
| Urðarhóll (Hábraut) | 5 | 4 | 5 | 5 | 4 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 2 | 2 | 45 | 69% | 1 |
| Aðalþing | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 46 | 71% | 1 |
| Kópasteinn | 3 | 5 | 5 | 5 | 4 | 3 | 3 | 4 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 47 | 72% | 2 |
| Kópahvoll | 5 | 3 | 3 | 4 | 5 | 4 | 3 | 4 | 4 | 3 | 3 | 3 | 4 | 48 | 74% | 2 |
| Austurkór | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 5 | 5 | 4 | 5 | 5 | 3 | 5 | 5 | 48 | 74% | 2 |
| Álfaheiði | 4 | 4 | 3 | 5 | 3 | 4 | 4 | 4 | 2 | 4 | 4 | 4 | 4 | 49 | 75% | 2 |
| Lækur (Litli Lækur) | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 3 | 3 | 4 | 4 | 3 | 4 | 3 | 3 | 52 | 80% | 2 |
| Furugrund | 2 | 3 | 3 | 3 | 5 | 4 | 5 | 5 | 4 | 5 | 4 | 5 | 5 | 53 | 82% | 3 |
| Efstihjalli | 4 | 5 | 4 | 3 | 3 | 5 | 4 | 5 | 4 | 5 | 4 | 5 | 5 | 56 | 86% | 3 |
| Fagrabrekka | 2 | 4 | 4 | 5 | 3 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 5 | 5 | 57 | 88% | 3 |
| Dalur | 2 | 5 | 5 | 5 | 3 | 4 | 5 | 5 | 4 | 5 | 4 | 5 | 5 | 57 | 88% | 3 |
| Núpur | 3 | 3 | 3 | 5 | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 58 | 89% | 3 |
| Grænatún | 3 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 5 | 5 | 3 | 5 | 4 | 5 | 5 | 59 | 91% | 3 |
| Lækur (Stóri Lækur) | 3 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 3 | 5 | 4 | 5 | 5 | 60 | 92% | 3 |
| Arnarsmári | 4 | 5 | 5 | 5 | 3 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 5 | 5 | 61 | 94% | 3 |
| Álfatún | 3 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 5 | 5 | 62 | 95% | 3 |
| Meðaltal 2023: | 3,1 | 3,6 | 3,6 | 3,8 | 3,9 | 4,0 | 4,0 | 4,3 | 4,0 | 4,2 | 3,7 | 3,8 | 3,9 | 50 | 77% | |

STIGAGJÖF:

| | | |
|---|---|---|
| 2 = | undir meðaltali | ekki nógu gott |
| 3 = | meðaltal +/-10% | í lagi |
| 4 = | yfir meðaltali | gott |
| 5 = | meðaltal + >20% | mjög gott |

| | |
|---|---|
| % | > 5%-stig undir meðaltali |
| % | +/- 5% frá meðaltal |
| % | > 5%-stig yfir meðaltali |

**Tafla 6. Heildarmat á leikskólalóðum og tillögur um forgangsröðun 2017 og 2023.**



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

Í töflu 6. er samanlögðum niðurstöðum matsins stillt upp frá fæstum og niður í flest heildarstig. Ekki kemur á óvart að nýendurgerðar lóðir raði sér neðst, þar er ástandið að jafnaði best og síst þörf á endurbótum. Á sama hátt er eðlilegt að þær lóðir sem fá lökustu útkomuna verði í mesta forgangi hvað endurbætur varðar.

Til auðkenningar er hlutfallstalan merkt á sama hátt og áður; með bleikum lit ef hún er meira en 5% yfir meðaltali, hvítur prósentureitur merkir að hlutfallið sé +/- 5% frá meðaltali og svartur litur meira en 5% undir meðaltali.

Forgangsröðun er hér sett fram til viðmiðunar og ber t.d. að skoða hvernig stigafjöldinn er samsettur og þ.a.l. hvað er mest aðkallandi að gera á hverri lóð og hvað er hægt að gera. Sum verkin er hægt að vinna í áföngum, fara fyrr í ákveðna hluti og bæta ástandið verulega. Annars staðar er það óskynsamlegt og ekki um annað að gera en endurnýja öll leiktæki og undirlag í einu, svo dæmi sé tekið.

## Lokaorð

Í tengslum við verkefnið um skemmtilegri leik- og grunnskólalóðir var tekin upp ný vinnutilhögun sem fylgt hefur verið síðan. Við meiriháttar endurhönnun og endurgerð leikskóla- og grunnskólalóða er skipaður starfshópur um hverja lóð sem samanstendur af fulltrúum umhverfissviðs og menntasviðs, viðkomandi leikskóla- eða skólastjóra, ásamt fulltrúum leikskóla- eða grunnskólakennara og foreldra, auk landslagsarkitekts. Þessi tilhögun hefur skilað sér í mikilli ánægju skólasamfélagins með þær framkvæmdir sem þegar hafa verið unnar og er mikilvægt að haldið sé áfram á þessari braut.

Eins og fyrr segir er einnig mikilvægt að breytingar séu mælanlegar og ekki síður að unnið sé með nýjustu upplýsingar hverju sinni. Til þess er þessi samantekt gerð og er það von undirritaðs að hún nýtist í áframhaldandi vinnu við endurgerð leikskólalóðanna, því þó verkefnið sé komið vel af stað er því fjarri því lokið.

16. janúar 2023,

Friðrik Baldursson garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026